




LANDSSKIPULAG
2015–2026

Afrakstur samráðs um lýsingu fyrir gerð landsskipulagsstefnu



Inngangur

Lýsing fyrir gerð viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu, þar sem mótuð verður nánari stefna um loftslag, landslag og lýðheilsu m.t.t. skipulagsmála, var kynnt í mars-apríl 2019. Þá var jafnframt efnt til kynningar- og samráðsfunda þar sem lýsingin var kynnt og leitað eftir hugmyndum og ábendingum fyrir mótun landsskipulagstillögunnar.

Hér er birt samantekt um afrakstur þess samráðs, þ.e. annarsvegar um þær skriflegu athugasemdir sem bárust við lýsinguna og hinsvegar um þær ábendingar og hugmyndir sem fram komu á samráðsfundum.

Fyrirkomulag kynningar og samráðs


Lýsing fyrir gerð viðauka við gildandi landsskipulagsstefnu var auglýst 16. mars 2019 í samræmi við 16. gr. reglugerðar um landsskipulagsstefnu. Frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum var þrjár vikur, til 8. apríl.

Lýsingin var auglýst í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu, Bændablaðinu og staðarblöðum víða um land. Þá var hún kynnt á landsskipulag.is, skipulag.is og Facebook og Twitter-síðum Skipulagsstofnunar. Jafnframt var lýsingin kynnt fyrir aðilum á samráðsvettvangi um landsskipulagsstefnu með tölvupósti.

Haldnir voru kynningar- og samráðsfundir á átta stöðum í mars og apríl. Fundirnir voru eins og lýsingin kynntir með auglýsingum í blöðum á landsvísu og í staðarblöðum. Einnig voru þeir kynntir með tölvupósti á samráðsvettvang og með auglýsingum í RÚV (útvarpi) og á landsskipulag.is, skipulag.is og Facebook- og Twitter-síðum Skipulagsstofnunar. Þá vöktu landshlutasamtök sveitarfélaga athygli á fundunum á sínum svæðum.

Einnig var vakin athygli á verkefninu með stuttum myndbandsviðtölum sem birt voru á Facebook- og Twitter-síðum Skipulagsstofnunar.

Kynningar- og samráðsfundirnir voru tvískiptir. Annarsvegar kynningarhluti þar sem lýsingin var kynnt. Hinsvegar samráðshluti þar sem þátttakendum gafst kostur á ræða áherslur fyrir landsskipulagsstefnuna og setja fram ábendingar og hugmyndir. Fundirnir voru á eftirtöldum stöðum: Borgarnesi 18. mars, Ísafirði 19. mars, Selfossi 20. mars, Reykjavík 21. mars, Akureyri 25. mars, Egilsstöðum 27. mars, Blönduósi 2. apríl og Keflavík 4. apríl. Kynningarhluta fundarins í Reykjavík var einnig streymt á Facebook-síðu Skipulagsstofnunar. Alls mættu um 150 manns á fundina.



Umræða á fundunum fór fram með svokallaðri bakrýni (e. *backcasting*), þar sem horft er til framtíðar með ákveðna framtíðarsýn í huga og unnið til baka að núverandi ástandi út frá þeirri sýn. Þannig var reynt að kalla fram í umræðum á meðal fundargesta hvaða áherslur og aðgerðir þarf að vinna með í skipulagi byggðar og landnýtingar til þess að tiltekin framtíðarsýn verði að veruleika.

Þátttakendur á fundunum voru beðnir að skrifa allar hugmyndir sínar og ábendingar niður. Þeim afrakstri var síðan safnað eftir fundina og allt skrifað upp, til að halda til haga og hafa til hliðsjónar við mótun landsskipulagstillögunnar.

Athugasemdir við lýsingu

Á kynningartíma lýsingar í mars-apríl 2019 bárust athugasemdir frá 14 aðilum:

- Akureyrarbæ, dags. 2.4.2019
- Árna Ólafssyni, dags. 5.4.2019
- Bláskógabyggð, dags. 3.4.2019
- Eddu R.H. Waage og Guðbjörgu R. Jóhannesdóttur, dags. 8.4.2019
- Landsvirkjun, dags. 8.4.2019
- Lilju Filippusdóttur, dags. 12.4.2019
- Mosfellsbæ, dags. 29.3.2019
- OR-samstæðunni, þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur ásamt dótturfélögunum Veitum, Orku náttúrunnar og Gagnaveitunni, dags. 8.4.2019
- Reykjavíkurborg, dags. 8.4.2019
- Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 27.3.2019
- Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 1.4.2019
- Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, dags. 4.4.2019
- Skógræktinni, dags. 8.4.2019
- Vestfjarðastofu, dags. 12.4.2019

Í erindum Akureyrarbæjar, Mosfellsbæjar og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við lýsinguna. Í öðrum erindum eru settar fram ýmsar ábendingar og hugmyndir. Að neðan eru tekin saman helstu atriði þeirra og viðbrögð Skipulagsstofnunar um það hvernig unnið verður með viðkomandi atriði við mótun landsskipulagstillögunnar.

Athugasemdabréfin má nálgast á www.landsskipulag.is

LOFTSLAG

Helstu atriði framkominna athugasemda

Reykjavíkurborg telur að þéttari og blandaðri byggð, breyttar ferðavenjur og efling vistvænna samgangna, þá ekki síst uppbygging Borgarlínu á höfuðborgarsvæðinu, séu lykilaðgerðir til þess að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Reykjavíkurborg bendir á að tækifæri til breytinga á ferðavenjum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda séu almennt meiri á stærri þéttbýlissvæðum en minni og telur því mikilvægt að horfa sérstaklega til eina borgarsvæðis landsins þegar rætt er um markmið í loftslagsmálum. Reykjavíkurborg telur brýnt að fjallað verði um þau tækifæri sem felast í þéttingu og blöndun byggðar í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu í viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 um loftslag, landslag og lýðheilsu.

Samband íslenskra sveitarfélaga vísar að tengslum loftslagsmála og lýðheilsu í erindi sínu og vísar í því sambandi til umsagnar Sambandsins um drög að aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sl. haust. Gerð er efnislega grein fyrir þeim ábendingum í kafla um Lýðheilsu hér að aftan.

OR-samstæðan tekur undir mikilvægi skipulagsgerðar til að ná markmiðum í loftslagsmálum. OR-samstæðan vekur jafnframt athygli á, í því samhengi, að landnotkun og byggðamynstur séu ráðandi fyrir uppbyggingu og rekstur veitukerfa. Mikilvægt sé að við skipulagsgerð sé tekið tillit til núverandi veitukerfa, komið í veg fyrir óþarfa rask, núverandi kerfi nýtt sem best og uppbygging veitukerfa gerð möguleg.

OR-samstæðan fjallar einnig um orkuskipti í samgöngum. Markmið OR-samstæðunnar er að stuðla að því að 30.000 rafbílar geti ekið um götur landsins árið 2030. OR-samstæðan telur mikilvægt að sveitarfélög setji sér stefnu um innviði fyrir rafbíla í almenningsrymum, bæði til almennra nota en einnig til að þjónusta íbúa sem ekki hafa bílastæði á eigin lóð. Ákjósanlegt er að gera ráð fyrir hleðslustöðvum þar sem fólk stoppar í styttri eða lengri tíma. OR-samstæðan vísar til nýlegs samkomulags Reykjavíkurborgar, Veitna og Orkuveitu Reykjavíkur og jafnframt til stefnu Oslóborgar í þessum efnum.

OR-samstæðan bendir einnig á mikilvægi skipulagsgerðar til að takast á við aðlögun vegna loftslagsbreytinga. Hafa þurfi í huga að mögulegt sé að koma fyrir innviðum sem uppfylla öryggiskröfur m.t.t. breyttra aðstæðna, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, flóða og ofsarigninga. Þetta geti til dæmis átt við staðsetningu dreifistöðva og möguleika til að taka á móti og meðhöndla ofanvatn. OR-samstæðan bendir í þessu tilliti á blágrænar ofanvatnslausnir.

Þá vekur **OR-samstæðan** einnig athygli á leið til að binda koltvísýring í bergi (Gas í grjót eða CarbFix) sem þróuð hefur verið í tengslum við starfsemi Hellsheiðarvirkjunar. Þá aðferð megi yfirfæra á bindingu koltvísýrings frá öðrum tegundum iðnaðar. Einnig megi einangra og hreinsa koltvíoxíð beint úr andrúmslofti og dæla niður í berg með sömu aðferð. Þessa aðferð sé hægt að nýta á mjög stórum skala. OR-samstæðan telur rétt að halda þessari aðferð á lofti í landsskipulagsstefnu, auk verndunar og endurheimtar votlendis, landgræðslu og skógræktar.

Skógræktin fjallar um hlutverk skógræktar við að ná markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum og hlutverk sveitarfélaga við að framfylgja aðgerðum stjórnvalda og telur samstarf sveitarfélaga og Skógræktarinnar mikilvægt til að samþætta skógrækt og aðra landnotkun. Skógræktin telur mikilvægt að sveitarfélög skilgreini í skipulagsáætlunum sínum hvernig þau ætli að draga úr landeyðingu, efla og endurheimta vistkerfi og stuðla að aukinni bindingu kolefnis. Skógræktin telur mikilvægt að „skipulagsumgjörð landnýtingar í dreifbýli sé með þeim hætti að ekki séu lagðar skipulagshindranir á þau form landnýtingar sem eru viðurkennd í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum“.

Landsvirkjun bendir á hlutverk vindorku og annarra endurnýjanlegra orkukosta til að vinna að stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum m.a. varðandi orkuskipti í samgöngum. Telur Landsvirkjun æskilegt að fjalla um vindorku í tengslum við loftslagsmálin í landsskipulagsstefnu og huga þar að samræmi við orkustefnu stjórnvalda.

Umsögn Skipulagsstofnunar

Breyttar ferðavenjur, efling almenningsgangna og orkuskipti í samgöngum eru mikilvægar aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem vinna þarf með í skipulagsgerð, og þar hafa höfuðborgarsvæðið og suðvesturhornið ákveðna sérstöðu eins og Reykjavíkurborg bendir á. Jafnframt geta slíkar aðgerðir stuðlað að bættri lýðheilsu. Unnið verður með þær áherslur sem fram koma um þessi atriði í framkomnum athugasemdum Reykjavíkurborgar og OR-samstæðunnar við mótun landsskipulagstillögunnar.

Jafnframt tekur Skipulagsstofnun undir ábendingu um að í mótun tillagna um aðlögun að loftslagsbreytingum og mótvægisáðgerðir verði horft til þeirra aðgerða sem OR samstæðan nefnir.

Þá tekur Skipulagsstofnun undir með Skógræktinni að skipulagsgerð sveitarfélaga sé mikilvægur vettvangur til að stuðla að bindingu gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt telur Skipulagsstofnun mikilvægt að við mótun stefnunnar hvað varðar skógrækt og

loftslagsmál sé einnig hugað að tengslum við landslag og lýðheilsu, varðandi annarsvegar samþættingu skógræktar við aðra landnotkun eins og útivist og hinsvegar varðandi áhrif skógræktar á landslag og lífríki.

Hvað varðar ábendingu Landsvirkjunar um vindorku, bendir Skipulagsstofnun á að skilgreindur hluti landsskipulagsverkefnisins að þessu sinni er að skilgreina viðmið fyrir vindorkunýtingu m.t.t landslags. Ábending Landsvirkjunar um að fjalla einnig um vindorku og aðra endurnýjanlega orkukosti undir loftslagsvídd landsskipulagsvinnunnar verður höfð í huga. Hvað varðar vísun til orkustefnu stjórnvalda þá bendir Skipulagsstofnun á að orkustefna er enn í mótun og liggur ekki fyrir, en fylgst verður með mótun hennar við útfærslu landsskipulagstillögunnar.

LANDSLAG

Helstu atriði framkominna athugasemda

Samband íslenskra sveitarfélaga telur að í landsskipulagsstefnu megi gera auknar kröfur um vandaða uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum þar sem tekið er tillit til landslags. Sambandið bendir í þessu tilliti á að saman geta farið metnaður í hönnun og hagkvæmni. Til að mynda megi hanna staðlaðar lausnir sem hentað geti víða, til dæmis salerniseiningar sem falla vel að landslagi.

OR samstæðan leggur einnig áherslu á samþætta nýtingu og vísar í því sambandi til reynslu fyrirtækisins af uppbyggingu á Hengilssvæðinu, þar sem saman fari orkunýting og útivist og unnið hafi verið brautryðjendastarf við landgræðslu með staðargróðri. Góður undirbúningur framkvæmda, meðal annars með valkostagreiningum, vandaðri skipulagsvinnu og mati á áhrifum framkvæmda á umhverfið sé lykilþáttur í því samhengi.

OR-samstæðan telur að þörf sé á að setja viðmið fyrir ákvarðanir um vindorkunýtingu með tilliti til landslags. **Samband íslenskra sveitarfélaga** kallar eindregið eftir stefnu og leiðbeiningum um nýtingu vindorku og staðsetningu vindorkunýtingar og leggur áherslu á að stuðst verði við nálgun nálæggra ríkja við vinnu að útfærslu viðmiða um skipulag vindorkunýtingar með tilliti til landslags. Þá telur **Landsvirkjun** að fjalla ætti um fleiri þætti en landslag þegar kemur að staðsetningu vindorkuvera, m.a. nálægð við búsetu fólks, fugla- og dýralíf, nálægð við nauðsynlega innviði, ferðamennsku, samfélag og efnahag og bendir á að taka þurfi tillit til allra leiðarljósa Landsskipulagsstefnu 2015–2026. Þá bendir Landsvirkjun á reynslu Skota varðandi nýtingu vindorku. Einnig telur Landsvirkjun að fjalla eigi almennt um orkunýtingu og tengda innviði, svo sem vegi og háspennulínur, en ekki einungis um vindorku.

Vestfjarðastofa telur að umfjöllun um víðerni eigi að afmarkast við miðhálandið, þ.e. ekki ná til annarra víðerna eins t.d. á Vestfjörðum. Þá óskar **Landsvirkjun** eftir nánari umfjöllun um viðmið til greiningar á víðernum.

Í tengslum við skilgreiningu víðerna telur **Vestfjarðastofa** nauðsynlegt að ræða um „áhrif víðernisskilgreiningar á eignarétt á landi og rétt eigenda um nýtingu lands innan gildandi lagaumhverfis“. Einnig telur Vestfjarðastofa að ef stefna um landslag muni ganga á „réttindi með eignaupptöku eða á annan hátt þrengja mjög að athafnafrelsi sem kallar á fébætur, þá verður slík stefna þá einnig að koma fram lögbundin stefnumörkun í ríkisfjármálaáætlun“.

Lilja Filippusdóttir veltir upp hvort nota eigi landslagsgreiningu í aðalskipulagi til að leggja mat á hvar séu heppileg skógræktarsvæði.

Landsvirkjun óskar eftir nánari umfjöllun um landslagsvernd og bendir á samspil við löggjöf um náttúruvernd og menningarminjar og hlutverk Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar í því tilliti.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum leggur áherslu á vernd ósnortinnar náttúru t.d. hraunbreiða eins og þær sem einkenna Reykjanesskagann og bendir á hugmyndir um flugvöll í Hvassahrauni, þar sem sé fjarvatnsverndarsvæði Reykjanesskagans.

Umsögn Skipulagsstofnunar

Ábendingar um vandaða uppbyggingu innviða verða hafðar í huga við mótun landsskipulagstillögunnar og þar verður einnig sérstaklega horft til yfirstandandi

vinnu samstarfshóps um aukna fagþekkingu í innviðaupþbyggingu á ferðamannastöðum sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið stýrir. Einnig verður unnið með áherslur um samþættan ávinning fyrir landslag og lýðheilsu, svo sem samþætta nýtingu svæða til útivistar og annarrar landnotkunar.

Hvað varðar áformaða stefnumörkun um skipulag vindorkunýtingar með tilliti til landslags, verða hafðar í huga framkomnar ábendingar um aðra þætti sem tilefni er til að horfa til. Í vinnu við útfærslu viðmiða verður horft til reynslu annarra þjóða, m.a. Skotlands. Við mótun stefnunnar verður jafnframt tekið mið af leiðarljósum Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Hvað varðar ábendingu Landsvirkjunar um að einskorða ekki umfjöllunina við vindorku, heldur horfa almennt til orkunýtingar og tengdra innviða, bendir Skipulagsstofnun á að nýting vindorku er nýtt viðfangsefni í skipulagi og við mat á umhverfisáhrifum á Íslandi sem fylgja nýjar áskoranir og þá kannski sérstaklega varðandi áhrif á landslag. Viðmið um slíka nýtingu eru mikilvæg fyrir ákvarðanatöku sveitarfélaga og hafa sveitarfélög ítrekað kallað eftir skýrari stefnu og leiðsögn um þetta efni. Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur lagt áherslu á að mótuð verði viðmið fyrir ákvarðanir um nýtingu vindorku í tengslum við landslag.

Skipulagsstofnun vinnur að mótun viðmiða fyrir skilgreiningu óbyggðra víðerna í samstarfi við Umhverfisstofnun og umhverfs- og auðlindaráðuneytið, á grundvelli gildandi landsskipulagsstefnu. Áformað er að afrakstur þess verkefnis verði settur fram í tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu. Stofnunin bendir á að óbyggð víðerni eru skilgreind í náttúruverndarlögum og einskorðast ekki við miðhálandið. Um mögulega bótaskyldu vegna stefnu sem sett er fram í landsskipulagsstefnu eða skipulagsáætlunum sveitarfélaga vísast til 51. gr., 51. gr. a og 51. gr. b. í skipulagslögum. Þá geta áhrif á einstaka aðila einnig verið viðfangsefni í umhverfismati stefnunnar.

Framkomnar ábendingar um landslagsvernd verða hafðar í huga við mótun landsskipulagstillögunnar. Einnig ábending um samspil landsskipulagsstefnu hvað varðar stefnu um landslag með tilliti til skipulagsmála annarsvegar og löggjöf um náttúruvernd og menningarminjar og hlutverk stofnana sem fara með framkvæmd þeirra hinsvegar.

LÝÐHEILSA

Helstu atriði framkominna athugasemda

Vestfjarðastofa telur að aðgerðir sem stuðla að bættri lýðheilsu í borgarsamfélagi henti ekki endilega í dreifbýli, til dæmis geti krafa um uppbyggingu göngu- og hjólreiðastíga verið íþyngjandi fyrir minni sveitarfélög. Þá bendir Vestfjarðastofa einnig á aðra þætti tengda skipulagsmálum sem varði lýðheilsu í dreifðum byggðum, eins og vöntun á húsnæði og fábreytni í atvinnulífi.

Samband íslenskra sveitarfélaga bendir á tengsl loftslagsmála og lýðheilsu og vísar í því sambengi til umsagnar sinnar um drög að aðgerðaáætlun í loftslagsmálum frá síðastliðnu hausti þar sem kallað var eftir skýrari áherslum varðandi skipulag í þéttbýli og breytingum á samgönguvenjum. Að breyta ferðavenjum snúist ekki eingöngu um breytingar á innviðum og að leggja hjóla- og gönguleiðir. Einnig þurfi að hvetja og fræða íbúa. Í mörgum bæjum sé hægt að komast endanna á milli gangandi eða hjólandi á innan við 15 mínútum. Hvetja megi íbúa með skiltum og kortum sem sýna hversu langt er hægt að komast gangandi eða á hjóli á tilteknum, stuttum tíma.

OR-samstæðan leggur áherslu á mikilvægi vatnsverndar sem grunnþáttar við alla skipulagsgerð, að ekki verði þrengt að vatnsverndarsvæðum og að þau fái að njóta vafans. Einnig er lögð áhersla á auknar kröfur í fráveitumálum og að í skipulagsgerð sé tryggt landrými fyrir fráveitumannvirki, sem geti haft lyktar-, hávaða- og sjónræna mengun í för með sér. Þá telur OR-samstæðan þörf á því að í landsskipulagsstefnu sé fjallað um möguleika til nýtingar og dreifingar á heitu vatni. Eftirspurn eftir heitu vatni aukist jöfnum höndum með fjölgun íbúa og auknum umsvifum í atvinnulífinu og tryggja þurfi hæfilegt aðgengi að jarðhitasvæðum nálægt þéttbýli til að standa undir öruggri hitaveitu fyrir íbúa og atvinnulíf.

Árni Ólafsson telur tilefni til að mótuð verði stefna um blöndun félagshópa þannig að komið verði í veg fyrir aðgreiningu fólks í hverfum og/eða sveitarfélögum eftir efnahag, aldri eða uppruna. Einnig að mótuð verði stefna um gæði íbúðarhúsnæðis, um notagildi, gæði og formfegurð híbýla. Með framleiðslu vandaðra íbúða sem uppfylla ákveðnar kröfur um gæði, notagildi og fegurð verði stuðlað að góðri og almenntri lýðheilsu.

Samband íslenskra sveitarfélaga bendir á að sveitarstjórnir geta sett ákvæði um hverfisvernd mikilvægra náttúrusvæða í aðalskipulagi. Sambandið telur að tilefni kunní að vera til þess að styrkja lagagrundvöll slíkra ákvarðana og að ríkisstofnanir beini í auknum mæli tilmælum til sveitarstjórna um að taka afstöðu til hverfisverndar einstakra svæða.

Umsögn Skipulagsstofnunar

Ábending Vestfjarðastofu verður höfð í huga við mótun landsskipulagstillögunnar, um að þau markmið og áherslur sem sett eru fram tali til mismunandi aðstæðna.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Sambands íslenskra sveitarfélaga um að aðgerðir í samgöngumálum með áherslu á virka ferðamáta skili bæði árangri fyrir loftslag og lýðheilsu og jafnframt að mikilvægt sé að beita hvatningu og fræðslu líkt og dæmi sem tekið er í erindi Sambandsins.

Þá verður horft til ábendinga um tillit til vatnsverndar og veitna sem OR-samstæðan vekur athygli á, við mótun landsskipulagstillögunnar. Einnig til ábendinga um blöndun félagshópa, gæði húsnæðis og hverfisvernd mikilvægra náttúrusvæða.

SAMRÁÐ

Helstu atriði framkominna athugasemda

Landsvirkjun óskar eftir að við vinnslu stefnu um vindorku verði haft samráð við Landsvirkjun, Orkustofnun og Samorku. Þá óskar **Reykjavíkurborg** eftir góðu samráði við borgina og nágrannasveitarfélög varðandi samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu og markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. **OR-samstæðan** lýsir sig reiðubúna til frekara samráðs og samstarfs um gerð landsskipulagsstefnu. Þá býður Samband íslenskra sveitarfélaga fram aðstoð við að kynna fyrirhugaðar málstofur sem fram eiga að fara síðar í ferlinu.

Umsögn Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun fagnar áhuga þeirra sem gerðu athugasemdir við lýsinguna og bendir á að allir sem hafa áhuga á að fylgjast með vinnu við mótun landsskipulagsstefnu geta skráð sig á samráðsvettvang og þannig fengið sendar upplýsingar þegar nýtt efni er gefið út og um kynningar- og samráðsfundi. Þá er einnig bent á málstofuröð sem verður á haustmánuðum þar sem markmiðið er að miðla þekkingu og kalla eftir hugmyndum og sjónarmiðum við mótun stefnunnar.

ÁÆTLANIR OG UMHVERFISMAT

Helstu atriði framkominna athugasemda

Landsvirkjun telur að skoða þurfi samræmi við Byggsááætlun, þingsályktun nr. 24/148. Einnig telur Landsvirkjun að taka þurfi tillit til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, t.d. markmiðs nr. 7 um sjálfbæra orku.

Edda R. H. Waage og Guðbjörg R. Jóhannesdóttir fjalla um umhverfismat stefnunnar og telja ástæðu til að umhverfisþátturinn landslag sé tengdur við umhverfisviðmiðið Heilsu og vellíðan, Heimsmarkmið nr. 3, og að útvíst sé tilgreind sem umhverfisvísir.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum bendir á vinnu jarðvangs á Reykjanesi með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Umsögn Skipulagsstofnunar

Byggsááætlun, þingsályktun nr. 24/148 er ein af þeim áætlunum sem litið er til við mótun landsskipulagsstefnu, eins og fram kemur í lýsingu.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingu um að umhverfisþátturinn landslag sé tengdur við Heimsmarkmið nr. 3 í umhverfismati landsskipulagstillögunnar og að útvíst verði hluti af umhverfisvísunum fyrir umhverfisviðmið um heilsu og vellíðan enda er aðgengi að útvístarsvæðum eða náttúrulegum svæðum mikilvægur hluti skipulags sem stuðlar að bættri lýðheilsu.

Skipulagsstofnun bendir á að unnið verður með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í umhverfismati stefnunnar þ.á.m. markmið nr. 7.

AÐRAR ATHUGASEMDIR

Helstu atriði framkominna athugasemda

Vestfjarðastofa telur að lýsingin miði um of við stöðu höfuðborgarsvæðisins og vaxtarsvæða í nágrenni þess og telur að stefnan geti orðið íþyngjandi fyrir minni sveitarfélög og skaðað framþróun samfélaga og atvinnulífs. Þá minnir Vestfjarðastofa

á fjórða leiðarljósi Landsskipulagsstefnu 2015-2026 um að styðja við samkeppnishæfni landsins og landshluta.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum bendir á verkefni jarðvanganna á Reykjanesi og við Kötlu í tengslum við vinnu við gerð landsskipulagsstefnu.

Bláskógabyggð leggur áherslu á að ekki verði gengið á skipulagsvald sveitarfélaga við gerð viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Samband íslenskra sveitarfélaga fjallar um lagaumhverfi vindorkuvera og leggur áherslu á að lokið verði við vinnu við að skýra lagaumhverfið og að tekin verði afstaða til hvort ákvarðanir um ný vindorkuver skuli háðar málsmeðferð sem kveðið er á um í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun. Einnig er kallað eftir að endurskoðun skattlagningar á raforkumannvirki verði lokið sem fyrst.

Umsögn Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun tekur undir að við mótun stefnunnar þurfi að hafa í huga mismunandi leiðir og ólíkar aðstæður í þéttbýli og dreifbýli og ólíkum landshlutum, til þess að ná tilsettum árangri. Landsskipulagsstefna 2015-2026 verður í gildi áfram og verður tekið mið af leiðarljósum hennar við mótun viðauka við stefnuna.

Varðandi samspil landsskipulagsstefnu við skipulagsgerð sveitarfélaga vísast til 10. gr. skipulagslaga.

Lagaumhverfi vindorkuvera er utan beinna umfjöllunarefna landsskipulagsstefnu.

Samráðsfundir

Eftirfarandi er samantekt helstu atriða sem fram komu á samráðsfundum í mars-
apríl 2019.

Umræða á fundunum fór fram með svokallaðri bakkrýni (e. *backcasting*), þar sem horft er til framtíðar með ákveðna framtíðarsýn í huga og unnið til baka að núverandi ástandi út frá þeirri sýn. Þannig var reynt að kalla fram í umræðum á meðal fundargesta hvaða áherslur og aðgerðir þarf að vinna með í skipulagi byggðar og landnýtingar til þess að tiltekin framtíðarsýn verði að veruleika.

Í umræðum um loftslagsmál var rætt út frá framtíðarsýninni: „Ísland er kolefnishlutlaust. Byggð hefur viðnámsþrótt gagnvart umhverfisbreytingum.“

Í umræðum um landslag var rætt út frá framtíðarsýninni: „Staðbundin gæði sem felast í landslagi svæðis eru nýtt þegar byggð er útfærð. Mannvirki sóma sér vel í landi og skapa góða umgjörð um mannlíf á viðkomandi stað.“

Og í umræðum um lýðheilsu var rætt út frá framtíðarsýninni: „Fyrirkomulag byggðar og samgangna, nýting lands og hönnun svæða stuðla að heilbrigði og vellíðan.“

Þátttakendur á fundunum voru beðnir að skrifa allar hugmyndir sínar og ábendingar niður. Þeim afrakstri var síðan safnað eftir fundina og allt skrifað upp til að halda til haga og hafa til hliðsjónar við mótun landsskipulagstillögunnar.

Á fundunum kom ítrekað fram hversu mikil tengsl eru á milli viðfangsefnanna þriggja – loftslags, landslags og lýðheilsu – og ljóst er að mikil tækifæri eru í að ná samlegð í landsskipulagstillögunni varðandi þessi efni, þótt í sumum tilvikum reyni einnig á bein eða óbein ágreiningsefni þar á milli.

Að neðan eru annarsvegar sett fram orðaský fyrir hvert viðfangsefnanna þriggja – loftslag, landslag og lýðheilsu – sem gefa grófa mynd af því hvað kom sterkast fram í umræðum á fundunum. Hinsvegar er að neðan ítarlegri samantekt sem unnin hefur verið upp úr öllum ábendingum og hugmyndum sem skráðar voru niður af þátttakendum á fundunum.

Losun

Orka

- Orkuskipti í samgöngum, rafmagn, vetni og metan.
- Rafvæðing bílaflotans auk rafvæðingar almenningsgangna og skipa.
- Uppbygging innviða vegna orkuskipta, þ.á.m. rafhleðslustöðva, innviða til orkuflutnings og innviða í höfnum.
- Vindorka, haforka og vatnsafl.

Samgöngur og ferðamátar

- Vistvænar samgöngur og umhverfisvænir ferðamátar.
- Draga úr ferðaþörf og stuðla að breytingum á ferðavenjum.
- Auka hlutdeild virkra ferðamáta. Beita hvötum á borð við styttingu ferðaleiða og góða innviði og aðstöðu til göngu og hjóleiða.
- Virkir ferðamátar hafi forgang á aðra umferð. Takmarka og stýra bílaumferð.
- Efla almenningsgangur og auka hlutdeild þeirra, tryggja að þeim aðgengi og samræma þær hjóla- og göngustígakerfi.
- Borgarlína.
- Styttu flutningsleiðir.

Byggð

- Byggðamynstur og þétting byggðar. Setja skýr mörk á milli dreifbýlis og þéttbýlis.
- Stuðla að þéttri, samfelldri og blandaðri byggð þar sem ferðaleiðir eru stuttar og stutt er í grunnþjónustu sem staðsett er í hverfum.
- Skilgreina sjálfbær, loftslagsvæn samfélög, bæi og hverfi í skipulagi.
- Greina og bera saman kolefnisspor þéttrar og dreifðari byggðar.
- Takmarka dreifingu byggðar og draga úr nýbyggingu heilsárhúsa í sveitum.
- Græn og opin svæði, gróin byggð, græn þekja og gróður við götur.
- Skilgreina svæði þar sem grassláttur er bannaður til að viðhalda líffjölbreytni.
- Huga að kolefnisspori bygginga, reisa umhverfisvænar byggingar og stuðla að réttu viðhaldi núverandi bygginga, nota vistvæn byggingarefni og setja um þau skilmála.
- Setja umhverfisvænar lausnir í byggingarskilmála, huga að kolefnisspori framkvæmda.

Úrgangur

- Förgun sorps og annars úrgangs og meðferð þess, takmarka urðunarsvæði og draga úr flutningi.
- Huga vel að fráveitumálum í skipulagi.

Matvæli

- Sjálfbærni í matvælaframleiðslu, skapa skilyrði fyrir innlenda matvælaframleiðslu og borgarbúskap, tryggja land til matvælaframleiðslu bæði í dreifbýli og þéttbýli og leggja áherslu á matvælaframleiðslu og ræktun í nærumhverfi.
- Styttu flutningsvegalengdir matvæla með skipulagi lands til matvælaframleiðslu.
- Hvata í skipulagi til ræktunar matvæla á stærri og minni skala, innan og utan þéttbýlis.
- Leggja grunn að hringrásarhagkerfi innan hverfa og svæða, þ.e. með matvælaræktun og moltugerð.

Binding

Votlendi

- Endurheimt votlendis og verndun þess votlendis sem fyrir er.

- Endurheimta votlendi á svæðum sem ekki eru lengur nýtt til ræktunar eða beitar en þess gætt að skerða ekki landbúnað.
- Votlendissvæði verði ekki tekin undir nýja byggð. Sé það gert, sé beitt mótvægisáðgerðum.
- Ríkari leyfisskyldu, eftirlit og viðurlög þurfi vegna framræsingar.
- Rannsaka frekar endurheimt votlendis og kortleggja votlendissvæði.

Skógrækt

- Efla skógrækt til kolefnisbindingar og stuðla að vönduðu skipulagi skógræktar í því samhengi.
- Nota skipulag sem virkt stjórnþæki við skógrækt, sem og við aðrar aðgerðir við kolefnisjöfnun.
- Koma á heildarskipulagi skógræktar, þar sem heppileg svæði eru valin, tekið er tillit til náttúru og ásjónar lands og gætt að þeim gróðri sem fyrir er.
- Straumlínulaga skipulag og ferla við leyfisveitingar og gera kröfu um að ákveðið hlutfall lands sé tekið undir skógrækt.
- Leggja áherslu á skógrækt í víðfeðmu landi þar sem nýting lands er takmörkuð, þ.m.t. á þurrlandum og auðum svæðum.
- Taka til greina við val á trjám og gróðri, hve öflugur hann er í að draga úr loftmengun og gera rannsóknir á ólíkum tegundum og áhrifum þeirra í samhengi loftslags.
- Huga að fjölbreytileika gróðurs og trjáa.
- Huga að náttúrulegu skóglendi og birkiskógum, vernda og endurheimta þar sem við á.
- Borgarskógrækt.

Landgræðsla

- Áhersla á verndun gróðurs og gróðurlendis, uppgræðslu lands og að stöðva gróður- og jarðvegsrof.
- Vernda viðkvæm svæði og viðkvæman gróður og takmarka beit á viðkvæmum svæðum.
- Huga að meðferð og nýtingu jarðvegs.

Aðlögun

Rannsóknir, kortlagning og viðmið

- Skýrari mælikvarða fyrir aðlögunaraðgerðir. Kortleggja svæði sem eru viðkvæm gagnvart loftslagsbreytingum, gera rannsóknir og staðfæra græna innviði fyrir íslenskar aðstæður.
- Skýrari innleiðingu, regluverk og leiðbeiningar fyrir náttúruleg lausnir (e. *Nature based solutions*).
- Bent á hlutverk náttúruverndar sem aðgerðar í loftslagsmálum til þess að auka aðlögunarhæfni.

Byggð

- Skipuleggja byggð þannig að hún hafi viðnámsþrótt gagnvart hækkun sjávar og öfgum í veðurfari þar sem hugað er að hönnun, innviðum og legu í landi.
- Blágrænar ofanvatnslausnir. Sjá verði til þess að ákveðið hlutfall í byggðu umhverfi og þéttbýli séu gegndræp og taki við ofanvatni.
- Taka tillit til hækkunar sjávarborðs, huga að sjóvörnum við byggð og vegi og takmarka byggð á lágsvæðum við sjó.
- Huga að trjágróðri sem skapi skjól og svala vegna hækkandi hitastigs.
- Huga að vatnsverndarsvæðum og mikilvægi þeirra.

Öryggi

- Huga að almannavörnum og náttúruvá í samhengi loftslagsbreytinga.
- Huga að almannavörnum og náttúruvá í tengslum við skógrækt.
- Gæta þess að staðsetja ekki mannvirki undir hliðum þar sem jöklar hopa.

Annað

- Loftslagsvandinn er aðkallandi og kallar á ákveðinn sveigjanleika í stjórnsýslu og regluverki svo bregðast megi skjótt við.
- Fjalla heildstætt um loftslagsmál í skipulagsgerð sveitarfélaga.
- Útfæra hugsun auðlindagarða, stuðla að sjálfbærri landnýtingu sem gengur hvorki á gróður né jarðveg, þar sem vistkerfi eru í jafnvægi eða framför.
- Efla deilihagkerfið með undanþágum í deiliskipulagi.

LANDSLAG

Framtíðarsýn:

„Staðbundin gæði sem felast í landslagi svæðis eru nýtt þegar byggð er útfærð. Mannvirki sóma sér vel í landi og skapa góða umgjörð um mannlíf á viðkomandi stað.“



Náttúrulegt landslag

Vernd og varðveisla

- Landslag og náttúra landsins njóti vafans við skipulagsvinnu.
- Vernd og varðveisla fjölbreytts náttúrulegs landslags, landslagsheilda og landslagsgerða. Viðhald og verndun þess landslags sem fyrir er í tengslum við uppbyggingu og að ósnortin náttúra fái að vera það áfram.
- Gæta þess að fyrirbrigðum í landslagi sem eru einstök á lands- eða heimsvísu verði ekki raskað. Náttúruperlur, jarðmyndanir, hraun og strandlengja.
- Vernda svæði fyrir umferð.
- Fleiri svæði verði friðlýst og friðuð svæði stækkuð og samtengd.
- Miðhálandisþjóðgarður eða hæfileg landvernd á miðhálandinu.
- Verndun verði í samráði við landeigendur.
- Uppbygging og friðun þurfa ekki að vera andstæð hugtök og geta unnið saman.
- Varðveita og stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika og gæta þess að náttúruferlar verði ekki rofnir.
- Vernda náttúru og dýralíf á viðkvæmum stöðum, fuglafriðlönd og votlendi, tjarnir, vötn og ár og viðkvæm svæði.
- Vernda staðbundinn gróður, viðkvæm gróðursvæði og berjaland.
- Láta land í meira mæli þróast eftir eigin lögmálum.
- Vernda náttúruleg svæði og landslag í manngerðu umhverfi og byggð.

Víðerni

- Skilgreina víðerni á miðhálandinu, en einnig á láglandi og fjallandi utan miðhálandis.
- Standa vörð um víðerni.
- Fjarlægja ónýtt mannvirki til að stækka víðerni.

Mannvirki

- Samspil byggðs umhverfis og náttúrulegs landslags. Mannvirki falli að landslagi, hafi sem minnst áhrif á það landslag sem fyrir er og að byggingar séu samtvinnaðar gæðum náttúrulegs landslags.
- Ferðaþjónustumannvirki falli að landslagi og skýrar línur settar um mannvirki á miðhálandinu.
- Kallað eftir stefnumótun um virkjanir.

Aðgengi

- Aðgengi að náttúrulegu landslagi. Tryggja aðgengi að ósnortnu landslagi og áhugaverðum stöðum. Aðgengi að vötnum á fjöllum og að strandlengjunni.
- Ekki banna aðgang að svæðum heldur takmarka notkun og stýra aðgengi, sérstaklega að þeim svæðum sem eru viðkvæm.

Landslag í borg og bæjum

Náttúra, græn svæði og almenningssvæði

- Opin svæði, græn svæði og almenningssvæði í byggð í samhengi landslags.
- Vanda útfærslu almenningssrýma og huga að samspili þeirra við byggt umhverfi.
- Mikilvægi grænna, opinna svæða í byggðu umhverfi.
- Huga að aðgengi að opnum svæðum í skipulagi og möguleikum á að auka þar mannlíf.
- Skilgreina stærðir grænna eða opinna svæða í hlutfalli við íbúafjölda og gæta þess að þétting byggðar sé ekki á kostnað grænna svæða.
- Leyfa einkennum náttúru að njóta sín við skipulag byggðar, auka gæði opinna svæða og almenningssrýma með trjárækt, gróðri og nálægð við vatn.

- Huga að gönguleiðum og hjólastígum á grænum svæðum og góðum tengingum á milli þeirra. Einnig að tengingum göngu- og hjólastíga úr byggð í opið landslag, flétta þar inn áfangastöðum fyrir virka ferðamáta ásamt því að huga að leik og afþreyingu.

Samgöngur

- Áhersla á grænar samgöngur og að draga úr akandi umferð og umfangi umferðarmannvirkja í samhengi landslags.
- Gera vegi í þéttbýli að götum, ráðstafa minna landi undir bílastæði, draga úr framboði bílastæða í þéttbýli, setja bílastæði í jörð og ekki gera ráð fyrir of mörgum bílastæðum nálægt náttúrperlum.
- Minna af bílum, meira af fólki.

Mannvirki

- Mannvirki falli að landslagi. Hæð og ásýnd byggðar taki mið af heildarútliti og ásýnd svæðis.
- Aðlaga byggingar að landslagi, nærumhverfi og svipmóti eldri byggðar. Huga að hæð þeirra, stíl og efni, sjónrænum áhrifum og áhrifum þeirra á ásýnd byggðar.
- Gæta að áhrifum mannvirkja á nálægt umhverfi, t.a.m. á útsýni, veðursæld og birtu/skuggavarp.
- Hönnun umhverfis í byggð skapi veðursæld, forðast eigi byggingu háhýsa vegna áhrifa þeirra á ásýnd, veðursæld og umhverfi í kring og setja kröfur um hæð mannvirkja.
- Spara land með því að byggja hús á fleiri en einni hæð.
- Viðhalda byggingarheildum og gæta að gæðum og fjölbreytni byggðs umhverfis.
- Mannvirki geta bætt landslag og svipmót byggðar ef vel er gert.
- Áhersla á sjálfbærni og afturkræfni við uppbyggingu mannvirkja, á vistvænar byggingar sem byggðar eru á umhverfisvænan hátt og úr umhverfisvænum efnum.

Byggð

- Þetta og blanda byggð, til að draga úr dreifingu byggðar, efla núverandi þéttbýliskjarna og stuðla að samspili atvinnu og búsetusvæða.
- Framtíðarsýn um skipulag nýrrar byggðar taki mið að landslagi og að skipulag byggðar hafi ekki neikvæð áhrif á landslag.
- Ekki taka óbyggð svæði á láglandi undir byggð. Skilgreina svæði sem ekki skuli byggja á.
- Huga að þörfum barna og að náttúruupplifun barna við skipulag hverfa.
- Huga að ljósvist.

Búsetulandslag í dreifbýli

Byggð

- Vernda búsetulandslag og viðhalda aðgreiningu á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Dreifa sem minnst úr byggðinni og koma í veg fyrir fjölgun búgarðabyggða.
- Skipulag í dreifbýli taki mið af byggðarmynstri þar, landið fái að njóta sín og byggð sé ekki of þétt.
- Tryggja að íbúðarbyggð geti verið í dreifbýli til stuðnings atvinnustarfsemi þar.

Vernd og varðveisla

- Vernda byggð og búsetu um allt land, finna leiðir til að halda bújörðum í byggð.
- Standa vörð um hefðbundinn búskap sem stendur ógn af fjölgun stórbýla.
- Vernda menningarlandslag og ræktunarlandslag, t.d. trjágróður við gömul tún.

Mannvirki

- Mannvirki og ræktun, þ.m.t. skógrækt, falli vel að landslagi og fylgi lögun lands.
- Gæta að heildaryfirbragði og huga að efnisvali í dreifbýli. Efnisval, hönnun og lega í landi taki mið af því landslagi sem fyrir er.
- Vanda skipulag, hönnun og uppbyggingu ferðamannastaða svo þeir falli að landslagi.
- Hafa sjálfbærni að leiðarljósi við uppbyggingu áfangastaða og útivistarsvæða og hugsa áningarstaði heilðrænt með tilliti til útlits og ásýndar, öryggis, aðgengis, innviða og þjónustu.
- Kallað eftir stefnu um sumar- og heilsárshús.
- Tímabundin mannvirki séu ekki sett niður til frambúðar, t.a.m. gámar.

Landgæði

- Skipulag taki tillit til landgæða. Vernda gott landbúnaðar- og ræktarland og bæta nýtingu landgæða til innlendrar matvælaframleiðslu.
- Möguleikar landeigenda til sjálfbærrar landnýtingar verði ekki skertir og eignarréttur virtur.

Orka og iðnaður

- Tryggja land fyrir raforkuflutningsmannvirki og huga að staðarvali m.t.t. þeirra flutningsmannvirkja sem fyrir eru.
- Gera fagurfræðilegar kröfur til virkjana og iðnaðar.
- Kallað eftir viðmiðum varðandi vindorku í skipulagi og að skilgreind verði svæði fyrir vindorku. Áhersla á að vanda staðarval og fara varlega þegar kemur að vali á svæðum fyrir vindorku, gæta þess að spilla ekki víðernum og huga að sjónmengun, hljóðmengun og áhrifum á mannlíf.
- Bæta ímynd vindmylla og raflína. Leggja áherslu á vindmylluskóga og bændavirkjanir frekar en að setja vindmyllur á hvern bæ.
- Leggja raflínur í jörð.
- Ekki leggja raflínur jörð vegna jarðrasks.
- Loflínur þurfi ekki að vera varanlegar.
- Vanda val á efnistökusvæðum m.t.t. til landslags.

Skógrækt

- Kallað eftir stefnu um skógrækt með tilliti til landslags. Hugsa að skipulagi skógræktarsvæða, búa skógrækt ramma og setja þar viðmið, t.a.m. um staðsetningu og stærð svæða.
- Auka og efla skógrækt, en gæta vel að skipulagi, staðsetningu og aðlögun að landslagi. Bent á skoskar leiðbeiningar sem fyrirmynd.
- Hugsa að fagurfræði í samhengi skógræktar, skipuleggja skóga svo þeir bæti landslag og gæta þess að skógrækt spilli ekki útsýni eða ásýnd lands. Takmarka gróðursetningu þar sem tré hafa neikvæð áhrif á landslag og útsýni.
- Skógrækt nái ekki yfir ákveðin hæðarmörk í fjallshlíðum.
- Kallað eftir endurheimt upprunalegs birkiskógar. Halda ágengum tegundum í skefjum og forðast innflutning tegunda.
- Kallað eftir aðgengilegum og notendavænum skógræktarsvæðum, annarsvegar með möguleika almennings á uppgræðslu skóga í huga og hinsvegar út frá lýðheilsusjónarmiðum, aðgengi að náttúru og útivist í skógum.
- Kallað eftir ræktun skjólskóga umhverfis byggð.

Samgöngur

- Vegir og umferðarmannvirki falli að landslagi.
- Viðhafa byggðasjónarmið við uppbyggingu vega.
- Áhersla á virka ferðamáta, að huga að gangandi og hjólandi vegfarendum og hvetja til virkra ferðamáta, m.a. með því að leggja áherslu á hjólreiðastíga og takmarka bílastæði.
- Skipulag ferðamannavega þar sem upplifun er tekin fram yfir hraða.

Útsýni

- Spilla ekki útsýni og að alltaf sé tekið tillit til þess í skipulagi.
- Hafa í huga fjallasýn, sjávarsýn og ásýnd byggðar við skipulag, vernda útsýnispunkta og leyfa sjóndeildarhringnum að njóta sín.
- Takmarka byggingar þar sem landslag á að njóta sín og haga byggð á þann veg að sem flestir fái útsýni.

Flokkun og greining landslags

- Skilgreina hverskonar landslag eigi að vernda og hvað telst til verðmæta.
- Áhersla á mikilvægi landslags með vísan til landslagssamnings Evrópu.
- Skilgreina hvað felst í landslagshugtakinu. Vantar viðmið og flokkun sem ekki sé of almenn.
- Áhersla á fjölbreytileika landslags og bent á að landslagshugtakið feli ekki einungis í sér hið sjónræna heldur einnig hljóð og lykt, efni, áferð, veður, menningu, vistkerfi og náttúru.
- Kallað eftir samræmdri landslagsgreiningu fyrir allt landið í hæfilegum skala. Skilgreina mælikvarða fyrir ólíkar gerðir landslags, hvað felst í staðbundnum gæðum landslags og hvað fallett landslag felur í sér. Skilgreina hvað telst til verðmæta, er eftirsóknarvert og ber að vernda. Staðbundin gæði séu ekki eingöngu metin út frá mannum.
- Kallað eftir heildarstefnu um landslag og samræmdum viðmiðum fyrir ákvarðanir um framkvæmdir.
- Kortleggja landslag og landslagheildir í skipulagi og gera samræmd gögn aðgengileg sveitarfélögum og öðrum.
- Landslag verði metið til verðmæta og hugað að þolmörkum svæða. Flokka svæði eftir viðkvæmni fyrir landslagsbreytingum og m.t.t. verndargildis.
- Greina sérkenni landslags og staðaranda sem grunn fyrir skipulag og styðja þannig og vernda staðbundin sérkenni í landslagi og umhverfi, t.a.m. með staðbundinni efnisnotkun.
- Vernda sérstæðar jarðmyndanir, hversdagslandslag og menningarlandslag. Um leið og haldið er í byggingarsöguna fái þróun að eiga sér stað. Jafnframt þurfi að huga að menningarminjum. Meta þarf örlandslag eins og úthaga, villtan gróður, þúfur og hóla. Fjölbreytt landslag á litlu svæði er auðlind sem ekki má raska.
- Kallað eftir leiðarvísium um staðsetningu mannvirkja í landslagi, efni, form og ásýnd. Hægt að gera með hugmyndabanka um góðar fyrirmyndir. Mikilvægt að fræða um og bæta þekkingu á íslensku landslagi, t.a.m. með þróun leiðbeininga um mikilvægi landslags.

Annað

- Taka inn þekkingu umhverfissálfræði m.t.t. landslags og kynna fyrir fólki áhrif landslags á velferð fólks.
- Framkvæmdir taki mið af umhverfi og landslagi. Við undirbúning framkvæmda sé áhersla lögð á að sýna þær breytingar sem verða á ásýnd.
- Taka náttúruvá alvarlega, vinna með náttúrunni og huga að landslagi við uppbyggingu flóðvarnargarða og snjóflóðavarna.
- Gæta að auðlindum, huga að vatnsvernd, forðast röskun viðkvæms gróðurs og lands og gæta að þeirri auðlind sem felst í jarðvegi.
- Hugsa að myrkurgæðum í skipulagi.
- Kallað eftir skiltastefnu um staðsetningu, stærð, lýsingu o.s.frv.

LÝÐHEILSA

Framtíðarsýn:

„Fyrirkomulag byggðar og samgangna, nýting lands og hönnun svæða stuðla að heilbrigði og vellíðan.“



Ferðamátar og samgöngur

- Kallað eftir hvötum í skipulagi til virkra ferðamáta og umhverfisvænna samgangna.
- Kallað eftir fjölbreyttum ferðaleiðum og samtengingu og samræmingu fjölbreyttra, vistvænna ferðamáta. Áhersla á göngu- og hjólastíga innan og utan þéttbýlis og á milli byggðarkjarna og aukna hjólréiðamenningu. Tengja göngu- og hjólastíga almenningssamgöngukerfinu. Reiðleiðir innanbæjar og utan.
- Stuðla að forgangi gangandi- og hjólandi vegfarenda í umferðinni og tryggja öryggi þeirra. Styttu ferðaleiðir svo fólk geti hæglega nýtt sér virka ferðamáta í daglegum erindum, til að sækja vinnu og grunnþjónustu. Stuttar, beinar, skjólgóðar og fallegar og vel hannaðar leiðir og stígar séu hvati fyrir fólk til að ganga og hjóla ferða sinna og stunda útivist og hreyfingu.
- Huga að innviðum og aðstöðu í þessu samhengi, svo sem hjólastæðum/-skýlum, vatnsbrunnum, hleðslustöðvum fyrir rafhjól, gatnamótum m.t.t. hjólréiða, merkingu og kynningu stíga og svæða og grávatni til upphitunar gangstétta.
- Takmarka akandi umferð og draga úr vægi hennar í samgöngum, draga úr þörf fyrir bílaeign, stýra og takmarka akandi umferð, þrengja götur, lækka umferðarhraða, fækka bílastæðum.
- Efla almenningssamgöngur, tryggja aðgengi að og samræmingu almenningssamgangna innan þéttbýlis og á milli byggðarkjarna sem jafnframt eru vistvænar og vel tengdar virkum ferðamátum.

Byggð

- Útfærsla byggðar sé hugsuð út frá lýðheilsu, þ.e. taki mið af fjölbreyttum staðfræðilegum, félagslegum og fagurfræðilegum þáttum, veðurfari, náttúrufari og náttúrugæðum, sérkennum byggðar og anda staðar.
- Áhersla á þetta, blandaða byggð og fjölbreytt byggðamynstur með samspili atvinnu- og íbúðarhúsnæðis, þar sem ferðaleiðir eru stuttar, stutt er í þjónustu og þjónustueiningar ekki of stórar.
- Takmarka dreifingu byggðar og þjónustulausa úthverfamyndun. 20 mínútna hverfið.
- Hægja á þéttingu, halda byggð passlega eða hæfilega þéttri, gæta þess að þétting sé ekki á kostnað lýðheilsu. Í dreifðari byggð, styttra í náttúru.
- Huga að félagslegum þáttum við skipulag byggðar, stuðla að blöndun félagshópa og huga að almenningssvæðum og -rýmum þar sem fólk hittist og nýtur samvista og stundar hreyfingu.
- Áhersla á græn svæði, opin svæði og almenningssvæði í byggð. Huga að grænum, náttúrulegum svæðum í nærumhverfi fólks og stuðla að bættu aðgengi að þeim og innan þeirra. Mikilvægi skjólgóðrar byggðar sem myndar sólrík svæði. Yfirbyggð almenningssvæði, gróðurhús til afslóppunar og hvíldarsvæði.
- Koma upp upplýsingaskiltum til fræðslu, huga að list í almenningssvæðum ásamt aðstöðu á borð við bekki, leiktæki, æfingatæki, hreystistöðvar og hundagöngusvæði.

Nánd við náttúru

- Aukin gæði í nærumhverfi og nánd við náttúru með því að tryggja fjölbreytt vistkerfi og villta náttúru í nágrenni byggðar og huga að opnum og aðgengilegum grænum svæðum sem í senn eru fjölbreytt, áhugaverð og aðlandi. Slík svæði hvetji til útiveru, hreyfingar, styðji ræktun félagslegra tengsla, stuðli að endurnæringu og endurheimt og bæti geð.

- Kallað eftir að aðgengi að náttúru og grænum svæðum verði í skipulagsskilmálum.
- Uppbyggingu gróðursvæða og skóga til vellíðunar. Tré og gróður fegri, skýli og hreinsi. Þá var komið inn á náttúru- og upplifunarstíga.
- Huga að svæðum fyrir garðyrkju og borgargarða í skipulagi.
- Verndun víðerna.

Umhverfisgæði

- Umhverfisgæði og heilnæmi umhverfisins í samhengi lýðheilsu.
- Innleiða þjónustu vistkerfa í lýðheilsuumræðu.
- Umhverfisgæði stuðla að endurnæringu.

Loftgæði

- Gæta að loftgæðum, tryggja hreint loft og takmarka loftmengun.

Ljósvist

- Huga að ljósvist og vanda lýsingu bæði m.t.t. upplifunar og öryggis.
- Stuðla að góðri ljósvist í híbýlum, aðgengi fólks að sólarljósi og birtu, lágmarka ljósmengun og huga að myrkurgæðum.
- Setja leiðbeiningar um áhrif hæðar húsa á ljósvist og veður.

Hljóðvist

- Gæta að hljóðvist og lágmarka hávaðamengun. Huga að gæðum á borð við næði, fuglasöng og lækjarnið.

Vatn

- Tryggja gott og hreint vatn og gott aðgengi að neysluvatni.

Fráveita

- Hreint umhverfi, hreint vatn og hreinar strendur krefjast pláss. Huga að og skilgreina svæði fyrir veitur og ofanvatnslausnir í skipulagi.

Öryggi

- Stuðla að umferðaröryggi í skipulagi, með því t.a.m. að draga úr umferðarhraða og leggja stofnbrautir utan íbúðahverfa.
- Bæta öryggistilfinningu fólks með skipulagi, t.a.m. með hönnun gatna, lýsingu og afstöðu húsa.

Matvæli

- Aðgengi að ferskri matvöru í göngu- og hjólafæri.
- Skapa aðstæður til innlendrar matvælaframleiðslu í skipulagi.
- Stuðla að ræktun matvæla og matjurta með aðstöðu og svæðum til ræktunar í nærumhverfi íbúa.

Annað

- Koma göngustígum og leiðum um allt land í miðlægan gagnagrunn.
- Huga að forvörnum gegn streitu í skipulagi, t.a.m. möguleikum til endurnæringar og endurheimtar í nærumhverfi.
- Huga að staðsetningu og kröfum vegna iðnaðar og orkuframleiðslu s.s. vindorku.
- Innleiða hringrásarhugsun í skipulag.